

Mánudaginn 28. september 1992.

Nr. 72/1992. **Haraldur Jóhannsson**

gegn

Lánasjóði íslenskra námsmanna.

Kærumál. Lögtak. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Garðar Gíslason og Guðmundur Skaftason, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. febrúar 1992 að fengnu áfrýjunarleyfi 13. sama mánaðar. Samkvæmt 3. mgr. 107. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 5. tl. 102. gr. laga nr. 92/1991, sætir málið kærumeðferð fyrir Hæstarétti eftir 1. júlí 1992, og hafa aðilar skilað í því sókn og vörn. Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Kæruefnið er lögtak, sem gert var í fógetarétti Reykjavíkur 5. nóvember 1991 að beiðni varnaraðila í eignarhluta sóknaraðila í fasteigninni Mánagötu 11 í Reykjavík. Er það krafa sóknaraðila, að lögtaksgerðin verði felld úr gildi og sér tildæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst staðfestingar á lögtaksgerðinni og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með bréfi til borgarfógeta í Reykjavík 9. september 1991 fór lögmaður varnaraðila þess á leit, að gert yrði lögtak samkvæmt heimild í 3. mgr. 9. gr. laga nr. 72/1982 um námslán og námsstyrki, sbr. 39. gr. reglugerðar nr. 578/1982 um sama efni, sbr. og lög nr. 29/1885 um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar, í eignum sóknaraðila til tryggingar vangoldinni afborgun af námsláni til hans frá varnaraðila. Með beiðni þessari fylgdi yfirlit varnaraðila um greiðslustöðu sóknaraðila hjá sjóðnum, dagsett 6. september 1991. Var það í formi tölvuútskriftar, sem staðfest var með áritun starfsmanns varnaraðila og sýndi tilætlaðar greiðslur frá sóknaraðila á árinu 1991. Skjalið sýndi, að afborgun, að fjárhæð 26.391 króna, hefði fallið í gjalddaga 1. mars 1991, og er það sú skuld, sem lögtaks var beiðst fyrir.

Með áritun 19. september 1991 heimilaði fógeti lögtak samkvæmt

beiðninni, og var málið tekið fyrir í fógatarétti 31. október. Sóknaraðili var þá mættur og fékk frest til skila á vörn í málinu. Við fyrirtekt þess 5. nóvember var greinargerð ekki komin fram og sóknaraðili ekki talinn mættur, og fór lögtakið fram eins og fyrr segir.

Sóknaraðili er hagfræðingur að mennt og lauk prófum í þeirri grein við Lundúnaháskóla á árunum 1951 og 1956. Á undanförnum árum hefur hann meðal annars stundað nám í sagnfræði við Háskóla Íslands, og lauk hann B.A.-prófi í þeirri grein veturinn 1985-1986. Hann hefur síðar haldið áfram því námi ásamt annarri ástundun.

Um mál þetta er það upplýst, að sóknaraðila var veitt lán úr sjóði varnaraðila á árinu 1987 og þá í fyrsta sinn. Fjárhæð þess er ekki tilgreind í málinu, en það mun hafa verið miðað við misseristíma. Lánið fékk hann til náms á hagfræðisviði við háskóla í Bretlandi með doktors- eða meistaraþróf að markmiði. Nám þetta er aðallega fólgið í samningu og framlagningu ritgerðar án vistar við skólann vegna annars en leiðsagnar og vinna að því mjög sjálfstæð. Er nemendum ætlaður rúmur frestur til að ljúka ritgerðinni, og mun innritun sóknaraðila við skólann enn í gildi.

Krafa varnaraðila í málinu tekur til fyrstu afborgunar af þessu láni. Er hún á því byggð, að sóknaraðili hafi ekki skilað viðeigandi gögnum til varnaraðila um framvindu á umræddu námi sínu, en það sé forsenda að lánveitingum úr sjóðnum. Telji varnaraðili rétt að líta svo á, að námi sóknaraðila hafi lokið á skólaárinu 1987-1988, þannig, að skylda til endurgreiðslu á láninu yrði virk að liðnum þremur árum frá þeim tíma. Í því tilliti stóði sóknaraðila ekki að benda á árangur við nám í sagnfræði, þar sem ekki hafi komið til lánveitinga vegna þess. Í samræmi við þetta hafi fyrsti gjalddagi afborgana af láninu verið ákveðinn 1. mars 1991.

Sóknaraðili mótmælir því, að námi sínu sé lokið, og telur hina umdeildu afborgun ranglega fellda í gjalddaga. Visar hann meðal annars til þess, hvernig vinnu að ritgerð sinni sé háttað, og til námsins við Háskóla Íslands. Hann kveðst hafa gengið á fund fógeta 5. nóvember 1990 og tjáð þar mótmæli sín, en verið farinn, þegar lögmáður varnaraðila mætti til boðaðs þinghalds.

Samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. laga nr. 72/1982, sem við áttu um lán sóknaraðila, á endurgreiðsla á lánum úr sjóði varnar-

aðila að hefjast þremur árum eftir námslok, en sjóðsstjórnin skilgreinir nánar, hvað telja beri námslok í því sambandi.

Sóknaraðili skilaði eigi gögnum um framvindu náms þess, er lánið var veitt til. Var því af varnaraðila talið, að námslok hefðu orðið 1. mars 1988. Ber þannig að staðfesta hina kærðu lögtaksgerð.

Sóknaraðili greiði varnaraðila kærumálskostnað, 20.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Hin kærða lögtaksgerð er staðfest.

Sóknaraðili, Haraldur Jóhannsson, greiði varnaraðila, Lána-sjóði íslenskra námsmanna, 20.000 krónur í kærumálskostnað.

S é r a t k v æ ð i

Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara.

Með lögtaksbeiðni sinni til fógetaréttar í máli þessu lagði varnaraðili ekki fram skuldabréf frá sóknaraðila fyrir hinu umdeilda láni né heldur bein skilríki varðandi viðskiptin við hann, svo sem tilkynningar til hans um stöðu eða gjaldfellingu lánsins. Var hið síðara þó æskilegt vegna þess, að samkvæmt 3. mgr. 7. gr. laga nr. 7/1982, sbr. 29. gr. reglugerðar nr. 578/1985, ber að tilkynna námsmanni ári eftir námslok um heildarskuld hans við sjóðinn, er koma muni til endurgreiðslu. Er námsmanni þá jafnframt ætlað að hafa uppi athugasemdir, ef hann er ósáttur við það, hvernig námslok voru skilgreind. Af gögnum málsins má ráða, að lán sóknaraðila hafi verið til umræðu milli aðila á þeim tíma, sem liðinn er frá vormisseri 1988, en þau leiða ekki í ljós, hvernig á var haldið varðandi ákvörðun um gjalddaga á láninu, og fram komnar upplýsingar um námsferil sóknaraðila skera ekki einar úr í því efni. Með vísan til ákvæða 3. gr. laga nr. 29/1985, sbr. 238. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. og 10. gr. núgildandi laga nr. 90/1989 um aðför, verður að telja, að krafa varnaraðila hafi ekki verið svo skýrt reifuð, að unnt væri að heimila hið umbeðna lögtak, og hefur ekki verið nægilega bætt úr þeim annmarka að svo komnu máli. Er því rétt að taka til greina þá kröfu sóknaraðila, að hin kærða lögtaksgerð verði felld úr gildi.

Sóknaraðili hefur farið með mál sitt sjálfur, án þess að honum

tækist að koma vörnum á framfæri í héraði með þeim hætti, sem leiðbeiningar stóðu til. Eru ekki efni til að dæma honum málskostnað hér fyrir dómi, og á kærumálskostnaður að falla niður.
